

Aðalfundur Foreldrafélags Glerárskóla

3. september 2014

Mættir: Aníta, Brynja, Vilborg, Alma, Líney og Eyrún skólastjóri. Auk þeirra voru 9 foreldrar.

1. Brynja bauð alla velkomna og kynnti dagskrá fundarins.
2. Næst á dagskrá var skýrsla formanns og í framhaldinu skýrsla gjaldkera og umræður. Skýrslunar voru báðar samþykktar.
3. Samþykkt að halda félagsgjöldum óbreyttum, 2000 krónur á heimili.
4. Aníta bar fram breytingartillögur á lög félagsins og voru þær allar samþykktar.
5. Samþykkt að Aníta haldi áfram sem formaður og Vilborg, Alma og Líney sitji áfram í stjórninni. Sigurlaug Stefánsdóttir kemur inn en Berglind Rafnsdóttir hættir.
6. Í skólaráði sitja áfram Hugrún Hermannsdóttir og Elfa Björk Gyldadóttir. Páll Baldvin Guðmundsson hættir sem varamaður og við því taka Hólmsfríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Björnsdóttir. Inga Steinlaug Hauksdóttir situr áfram í umhverfisnefnd ásamt Bjarna Pálssyni sem kosinn var nýr inn í umhverfisnefnd. Óskað eftir tveimur endurskoðendum en engin gaf kost á sér og mun því stjórnin finna aðila.
7. Aníta ræðir um bekkjaráðin og leggur fram tillögu þess efnis að héðan í frá munu peningarnir koma til baka til foreldrafélagsins á vorin ef bekkirnir eiga pening eftir sem þeir hafa ekki notað. Tillagan er samþykkt.
8. Aníta minnir á að bekkjaráðin þurfi ekki að sjá um allt heldur deila hlutverkum niður á alla foreldra.
9. Námsefnakynningar standa nú yfir í skólanum og á þeim eru bekkjaráðin mönnuð. Að kynningunum loknum mun stjórnin boða til fundar með bekkjaráðunum og fara yfir málin með þeim, meðal annars koma með hugmyndir hvað hægt er að gera með krökkunum.
10. Eyrún sagði frá Grænfánahátíðinni sem haldin verður í 4. skiptið í Glerárskóla föstudaginn 19. september. Hugmynd að fá svið hjá Akureyrarbæ og að hvert stig verði með atriðið á hátíðinni. Hún spyr hvort foreldrafélagið vilji koma að þessari hátíð og fær svar að foreldrafélagið vill endilega taka þátt.
11. Eyrún segir enn vera umræðu í samfélaginu um einelti í Glerárskóla og spyr hver getur breytt þessari umræðu. Skólinn vinnur samkvæmt eineltisáætlun Olweusar. Foreldrasamfélagið getur aðstoðað í þessari umræðu og það skiptir skólann miklu máli. Skólinn getur ekki svarað einstaka málum. Könnunin sem gerð var síðasta vetur kom verr út en árin á undan. Skólinn vill hafa umræðuna opna og er búinn að efla t.d. gæsluna í frímínútunum. Umræður um þessi mál.
12. Umræður um vorhátíðina í skólanum á föstudegi sem foreldrafélagið kæmi að. Athuga hvort hverfisnefndin komi að henni líka. Þá yrði skólinn opinn og verk nemanda til sýnis.
13. Spurning frá salnum með jólaföndrið, hvort hægt sé að setja það aftur á virkan dag með kennara. Umræður en engin niðurstaða.
14. Umræður um umferðaröryggi barna á leið í skólann, gangbrautir og fl. Bent á að senda umhverfisráði póst varðandi þessi mál.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir